



## 1. Stjórnarfundur LH

Haldin í Laugardal 14. Nóvember 2014 og hófst hann kl. 14

Fundinn sátu:

Lárus Ástmar Hannesson formaður, Eyþór Jón Gíslason, Jóna Dís Bragadóttir, Haukur Baldvinsdóttir, Stella Björg Kristinsdóttir, Ólafur Þórisson, Helga B. Helgadóttir í fjarveru Andreu Þorvaldsdóttur, aðalstjórn. S. Rúnar Bragason, Rúnar Þór Guðbrandsson, Hrönn Kjartansdóttir, Petra Kristín Kristinsdóttir varastjórn.

Fundargerð ritaði: Eyþór Jón Gíslason

### Dagskrá:

#### 1. Kosning í embætti stjórnar.

Kosið var í embætti stjórnar. Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Eyþór Jón Gíslason ritari.

#### 2. Kynning á stjórnarmönnum.

Stjórnarmenn kynntu sig og fóru yfir bakgrunn og áhugasvið sitt í hestamennsku o.fl.

#### 3. Uppskeruhátíð.

Lárus sagði frá fundi sem hann átti með Sveini Steinarssyni formanni Félags hrossabænda. Ákveðið var að halda uppskeruhátíð í samstarfi með Félagi hrossabænda 10. janúar 2015 í Gullhömrum.

#### 4. Starfsmannamál sambandsins og LM.

Lárus sagði frá fundi sem hann hafði átt með Sindra Sigurgeirssyni voru þar rædd starfsmannamál almennt. Ákveðið var að flýta sér hægt og fara vel yfir þau mál en stefnt að því að vera komin með annan starfsmann á skrifstofu í kringum áramót.

#### 5. Fjármál sambandsins.

Lárus sagði frá samtali sem hann átti við endurskoðanda sambandsins Björn Ó. Björgvinsson. Eftir þó nokkrar umræður og vangaveltur vegna fjármála var ákveðið að fá endurskoðandann til fundar með stjórn L.H. og fara yfir bókhaldsmál sambandsins.

#### 6. Staðarval Landsmóts 2016.



Rætt var um staðarval vegna landsmóts 2016 og í hvaða stöðu málið er. Eftir umræður og vangaveltur vegna ákvörðunar á landsmótsstað var ákveðið að Lárus Á. Hannesson, Jóna D. Bragadóttir og Eyþór J. Gíslason færu á fund norður og heyrðu í stjórnarmönnum Gullhyls.

### **7. Samþykktir frá L.H. þingi á Selfossi.**

Fara þarf yfir samþykktir frá landsþingi sem haldið var á Selfossi, flokka þær og gera verkáætlun um úrvinnslu þeirra. Ákveðið að Helga B. Helgadóttir og Hrönn Kjartansdóttir tækju það að sér.

### **8. Íslandsmót 2015 og 2016.**

Umræður urðu vegna hugmynda um að halda Íslandsmót barna og fullorðinna á sama mótinu. Voru lög sambandsins skoðuð og ákveðið að það yrði kannað hvort Hestamannafélagið Sprettur sem fékk bæði mótin árið 2015 hafi ekki tök á að halda þau í sitthvoru lagi eins og getið er um í reglum L.H.

### **9. Nefndir sambandsins.**

Nefndarskipan var frestað til næsta fundar stjórnar en reyna á að fá formenn nefnda til fundar með stjórn.

### **10. Önnur mál.**

Eyþór Jón Gíslason var valin í undirbúningsnefnd NIF fyrir Heimsmeistaramótið í Herning á næsta ári og Stella var valin til að taka að sér norræna menningu á Equitana.

Rúnar Þór Guðbrandsson gerði grein fyrir stöðu Heimsmeistaramóts í Herning á næsta ári. Rúnar er í framkvæmdanefnd mótsins. Fór hann vel yfir stöðuna og kom fram í erindi hans að Landssambandið á að sjá um kynningarstarf á Íslandi og einnig að finna styrktaraðila. Hraða þarf þessum verkefnum.

Einnig gerði hann grein fyrir Equitana sem verður haldin í Essen, Þýskalandi í mars á næsta ári.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið